

Áherslur nýrrar ríkisstjórnar í menntamálum Menntakerfi í fremstu röð

Ríkisstjórnin setur sér það markmið að allt menntakerfi þjóðarinnar, frá leikskóla til háskóla, verði í fremstu röð í heiminum. Framfarir og hagvöxtur komandi ára verða knúin áfram af menntun, vísindum og rannsóknum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar. Áhersla verður lögð á gæði, sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði þannig að allir geti fundið nám við sitt hæfi. Fjölgæð verður námsleiðum og áhersla aukin á valfrelsi nemenda og einstaklingsmiðað nám, meðal annars til að draga úr brottfalli nemenda á framhaldsskólaaldri.

Efla skal list- og verkmenntun á öllum skólastigum og auka náms- og starfsráðgjöf. Lögð verður áhersla á að skapa ný tækifæri til náms fyrir þá sem hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi og efla fullorðinsfræðslu innan skólakerfis og á vinnumarkaði. Stefnt skal að auknu faglegu og rekstrarlegu sjálfstæði skóla og minni miðstýringu. Unnið verði að lengingu og aukinni fjölbreytni í kennaranámi. Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði endurskoðuð með það að markmiði að bæta kjör námsmanna enn frekar.

Dreifmenntun í V- Barðastrandarsýslu

[Dreifmenntun](#) í grunnskólum V-Barðastrandarsýslu er þróunarverkefni, stutt af menntamála- og iðnaðarráðuneyti, sem byggir á nýtingu upplýsingatækni við kennslu. Meginmarkmið verkefnisins var að nýta upplýsingatækni til að efla fræðslustarf í grunnskólum sveitarfélaganna og styrkja stöðu byggðanna. Tveir grunnskólar, [Grunnskóli Tálknafjarðar](#) og [Grunnskóli Vesturbyggðar](#) (kennsludeildir á Patreksfirði, Bíldudal og Birkimel) tóku þátt í verkefninu.

Í skýrslu sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið sl. vetur af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um verkefnið kemur fram að í meginatriðum verði ekki annað séð en umtalsverður ávinningur hafi orðið af dreifmenntunarverkefninu. Tækifæri hefur skapast fyrir skólana að fá kennara með sérþekkingu í tiltekinni námsgrein til að annast kennslu á svæðinu án þess að það kosti sérstaka kennslutíma í hverjum skóla með tilheyrandi ferðakostnaði og efiðleikum yfir vetrartíma.

Jafnframt kemur fram að:

- kennsluaðferðir hafi orðið fjölbreyttari og samskipti aukist.
- félagsleg tengsl nemenda á svæðinu sem verkefnið náði til hafa aukist.
- verkefnið virðist stuðla að auknu sjálfstæði nemenda í námi.
- nemendur eru betur undirbúnir fyrir framhaldsnám í fjarnámi.

Í ljósi niðurstaðna úttektarinnar má líklegt teljast að sveitarfélög og skólar í dreifðum byggðum landsins geti nýtt sér reynslu V-Barðastrendinga í dreifmenntun við eflingu fræðslustarfs.

Skýrslan er aðgengileg á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Nálægt helmingur þeirra sem útskrifast með stúdentspróf eldri en 20 ára

Eins og kunnugt er er námstími til stúdentsprófs lengri hér á landi en almennt gerist í Evrópu. Viðmiðunaraldur í samanburðarlöndum er oftast 18 eða 19 ár meðan hann er 20 ár hér á landi. Þar við bætist að stór hluti íslenskra stúdenta er eldri en 20 ára við útskrift. Samkvæmt upplýsingum [Hagstofu Íslands](#) var meðalnámstími til stúdentsprófs 4,9 ár árið 2004.

Fróðlegt er að skoða aldurskiptingu þeirra sem útskrifast með stúdentspróf og hve hátt hlutfall þeirra sem útskrifast er 20 ára (á 20. ári) eða yngri. Tökum nýjustu tölur sem finna má á vef Hagstofu Íslands. Taflan hér að neðan sýnir aldursdreifingu þeirra sem útskrifuðust með stúdentspróf á skólaárunum 2001/2002-2004/2005.

Á töflunni má sjá að á skólaárunum 2001/2002-2004/2005 voru 45-48% þeirra sem útskrifuðust með stúdentspróf eldri en 20 ára.

Aldur	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005
20 ára og yngri	54%	52%	52%	55%
21 árs	21%	21%	20%	17%
22-24 ára	15%	17%	17%	15%
25 ára og eldri	10%	10%	11%	13%

Skýrsla nefndar um lestrarörðugleika og leshömlun

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra skipaði þann 27. nóvember 2006 nefnd til að gera tillögur um úrræði fyrir börn með lesblindu og aðra lestrarörðugleika í grunn- og framhaldsskólum.

Vakin er athygli á að skýrsla nefndarinnar er aðgengileg á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Úthlutun styrkja til eflingar dönskukennslu

Úthlutað hefur verið styrkjum til eflingar dönskukennslu í samræmi við ákvæði [samnings](#) milli Danmerkur og Íslands um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og Bertel Haarder, menntamálaráðherra Danmerkur, undirrituðu nýjan samning um verkefnið milli landanna 1. mars. sl. Nær samningurinn til fjögurra ára, frá 1. ágúst 2007 - 31. júlí 2011. Í samningnum er m.a. ákvæði um úthlutun styrkja til sérstakra verkefna á sviði endurmenntunar kennara, námsefnisgerðar, rannsóknar- og þróunarverkefna og vitundarvakningar um mikilvægi dönskukennslu.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki 24. febrúar sl. og rann umsóknarfrestur út 30. mars. Alls bárust 6 umsóknir og ákvað samstarfsnefnd verkefnisins að veita styrki til eftirtalinnna fjögurra verkefna: Endurmenntunarnámскеið fyrir grunnskólakennara í Danmörku, Rannsókn um upphaf náms í dönsku á Íslandi, Danskar smásögur við aldahvörf - sögur og verkefni og Rafræni aðstoðarkennarinn.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

